

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

694. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 2. maí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga – Kynnisferð.
3. Fundarboð Ársfundar Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra.
4. Bréf SSNV.
5. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga – Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga.
6. Fundargerð stjórnar SSNV frá 12. apríl sl.
7. Skýrsla frá Þjóðskjalasafni Íslands um Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Forstöðumaður lagði fram til kynningar drög að deiliskipulagstillögu austan Norðurbrautar á Hvammstanga og drög að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014. Rætt m.a. um framkvæmdir á Laufásvegi, endurnýjun vatnsinntaka í Laugarbakkaskóla, lagfæringar á dúk í sundlaug og endurbætur á íþróttavelli.
2. Fram lagt til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem greint er frá fyrirhugaðri kynnisferð til sveitarstjórnarmanna til Brussel 5.-9. júní nk.
3. Fram lagt fundarboð Ársfundar Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra en fundurinn verður haldinn að Löngumýri í Skagafirði 9. maí nk. kl. 17:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og félagsmálastjóri til vara.
4. Fram lagt bréf SSNV þar sem tilkynnt er að 19. ársþing SSNV verði haldið í Húnaþingi vestra 26. – 27. ágúst nk.
5. Fram lagt bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem greint er frá framlagningu frumvarps til nýrra sveitarstjórnarlaga. Í bréfinu eru sveitarstjórnir og landshlutasamtök hvött til að senda Alþingi umsagnir um frumvarpið.
6. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 12. apríl sl. Skúli Þórðarson skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
7. Fram lögð skýrsla Þjóðskjalasafns Íslands um stöðu Héraðsskjalasafns Vestur-Húnavatnssýslu. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra og forstöðumanni bóka- og skjalasafns að fara yfir skýrsluna og leggja fram tillögur til úrbóta. Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Sveitarstjóri lagði fram tilboð frá rekstraraðilum tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi um leigu á tjaldsvæðinu 23.-27. júní nk. meðan á Landsmóti UMFÍ 50+ stendur. Tilboðið er kr. 870.000- með vsk. Með vísan til ákvæða Samstarfssamnings milli Húnaþings vestra og UMFÍ þar sem m.a. er kveðið á um að Húnaþing vestra láti landsmótsnefnd UMFÍ 50+ í té nægt tjaldsvæði fyrir gesti mótsins án endurgjalds samþykkir byggðarráð tilboðið og vísar samþykktinni til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2011.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.